

Fundargerð

10. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 24. júní 2020, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Dagbjört Jónsdóttir og Jón Hrói Finnsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

Arnór Benónýsson og boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Nýsköpun í norðri - 1909032

Helgi fór yfir stöðu verkefnisins.

Verkefnið er í fullum gangi. Nítján manns vinna um þessar mundir að því að móta áfram þau sex verkefni sem valin voru til áframhaldandi þróunar.

Sveitarstjóri og oddviti Skútustaðahrepps hafa kynnt verkefnið á samráðsvettvangi Byggðastofnunar, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, SSNE og Skútustaðahrepps og gert grein fyrir sýn sveitarfélagsins á því hvað gera þarf til að koma atvinnulífi aftur í gang. Unnið er að samantekt fyrir samráðsvettvanginn.

2. Verkefnis- og kostnaðaráætlun - 1909031

Umræður um skipulag vinnu starfshópa í ágúst, störf nefndarinnar í kjölfarið og skipulag íbúafunda.

Farið var yfir stöðu vinnu starfshópa. Formenn telja að 1-2 fundir í hverjum hópi muni duga til að ljúka við hana. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði 19. ágúst kl. 15 og að haldinn verði aukafundur 9. september til að vinna með minnisblöð starfshópa. Íbúafundir eru fyrirhugaðir 28.9.-2.10.

Bókanir fundarins voru lesnar upp og samþykktar af fundarmönnum.

Fundi slitið kl. 15:30.

Helgi Héðinsson

Margrét Bjarnadóttir

Jóna Björg Hlöðversdóttir

Ragnildur Hólm Sigurðardóttir

Halldór Þorlákur Sigurðsson
